



Konur fjárfestum

Júlí 2025

www.arion.is/konurfjarfestum

INNGANGUR

Hvert er vandamálið?



JAFNRÉTTI

Nú á dögum ríkir formlegt kynjajafnrétti á Íslandi sem þýðir að konur og karlar búa við lagalegt jafnrétti. Á síðustu áratugum hefur mikið áunnist í jafnréttisbaráttunni en þó eru ennþá slagir sem við þurfum að taka. Efnahagslegur ójöfnuður er á meðal þess sem við þurfum að leiðrétta.

Á RÉTTRI LEIÐ

Launamunur kynjanna fer minnkandi og sparnaður er nokkuð svipaður hjá konum og körlum. Ábyrgð á fjármálum skiptist einnig nokkuð jafnt milli kvenna og karla á heimilinu.

En hvert er þá vandamálið?

VANDAMÁLIÐ

Í upphafi árs 2024

70 ÁR

Það eru **70 ár** í að verðbréfaeign karla og kvenna verði jöfn ef ekkert breytist.

FRAMKVÆMDASTJÓRAR

24% framkvæmdastjóra í íslensku atvinnulífi eru konur.

TEKJUR

Tekjur og laun eru hærri hjá körlum en hjá konum.

FORSTJÓRAR

4 konur eru forstjórar í Kauphöll Íslands á móti **29** körlum.

TEKJUDREIFING

Tekjudreifing kynjanna er enn mjög ójöfn.

SKIPTING

Kynjuð skipting fjármagns hefst strax hjá ungabörnum.

JÖFNUM LEIKINN

Átaksverkefni

”

Þátttaka á fjármálamarkaði er mikilvæg leið til að hafa áhrif í samfélaginu, samfara því að byggja upp eigin framtíð. Með því að fjárfesta tökum við þátt í þróun og uppbyggingu samfélagsins og sú þróun verður jafnari eftir því sem fleiri eru með. Í dag ríkir hins vegar ekki jafnræði milli kynja þegar kemur að sparnaði, lífeyriseign eða þátttöku á fjármálamarkaði. Því höfum við í Arion banka farið af stað með átaksverkefni með það að markmiði að efla konur þegar kemur að fjárfestingum. Þannig viljum við leggja okkar af mörkum til að jafna þátttöku kynjanna á fjármálamarkaði.

**„Að búa yfir góðu
fjármálalæsi og vera
fjárhagslega sjálfstæð er
ekki áhugamál. Það er
grunnfærni í lífinu, eins
og að skipta um dekk og
setja í þvottavél.“**

- Snædís Ögn Flosadóttir, forstöðumaður á
mörkuðum hjá Arion banka




SJÓÐAVIÐSKIPTI KVENNA AÐ AUKAST MILLI ÁRA

Frá því að við byrjuðum með Konur fjárfestum átakið hefur konum sem stunda sjóðaviðskipti hjá Arion banka fjölgað um 19%. Á sama tíma hefur körlum fjölgað um 11%. Konur eru nú um 41% þeirra einstaklinga sem stunda sjóðaviðskipti hjá Arion.


Árið 2024 jukust viðskipti kvenna í sjóðum um 11% frá fyrra ári. Á sama tíma jukust sjóðaviðskipti karla um 6%. Sjóðaviðskipti kvenna voru um 42% allra sjóðaviðskipta á árinu 2024.

Konum með áskrift í sjóðum fjölgaði um 19% milli 2023 og 2024. Á sama tíma fjölgaði körlum um 7%. Af þeim sem eru skráðir í áskrift í sjóði jókst hlutdeild kvenna um tæplega 6% milli ára.

Sjóðaviðskipti eftir kyni,
fjöldi einstaklinga



Fjöldi sjóðaviðskipta
eftir kyni




HEILDAREIGNIR KVENNA

Heildareignir kvenna í vörslusöfnum jukust um 8,5%


Heildareignir kvenna í vörslusöfnum nema nú 34% af heildareignum á vörslusöfnum í Arion banka. Á milli áranna 2023 og 2024 jukust heildareignir kvenna um 8,5% en heildareignir karla um tæplega 3% á sama tímabili.

Heildarfjöldi kvenna sem eiga vörslusöfn hefur einnig aukist á þessu tímabili, þó aðeins um 0,5%. Körlum sem eiga vörslusöfn hefur fækkað um rúmlega 1%. Af þeim sem eiga vörslusöfn í Arion banka eru 41% konur og 59% karlar.

Heildareignir á vörslusöfnum




Heildarfjöldi eigenda á vörslusöfnum



VERÐBRÉFAEIGNIR

Þátttaka á hlutabréfamarkaði



■ Karlar ■ Konur

Þegar kemur að þátttöku á hlutabréfamarkaði er skipting kynjanna í Kauphöll Íslands um 70/30 körlum í vil. Þessi dreifing hefur lítið breyst undanfarin ár.


Fjöldi kvenna með verðbréfasafn hjá Arion hefur aukist um 45% á þremur árum og eru konur nú 41% af þeim einstaklingum sem eiga verðbréfasafn hjá bankanum.

Konur hafa verið að auka við sig verðbréfaeign hjá Arion banka á síðastliðnum árum sem er ánægjulegt. En með þessu áframhaldi eru þó um 50 ár í að konur og karlar eigi jafnmikið í verðbréfum en sú tala var 70 ár þegar við fórum af stað í byrjun árs 2024.

ÞURFUM AÐ HUGA AÐ FRAMTÍÐINNI

Kynjuð skipting

Sjá má kynjaða skiptingu fjármagns strax hjá ungabörnum. Þegar litið er til barna undir tveggja ára aldri og þeirrar verðbréfaeignar og innlána sem þau eru skráð fyrir hjá Arion, má sjá að stúlkur eru aðeins skráðar fyrir 40% en drengir um 60% og sú var enn sú sama í lok árs 2024.



SJÓÐIR

Við erum á réttri leið

Meðalaldur
kvenna í sjóðum
Stefnis hefur
farið lækkandi

45% þeirra
einstaklinga
sem spara í
sjóðum Stefnis
eru konur

Konur undir 30
ára eru með
hærri meðaleign
en karlar í
sjóðum Stefnis



ÁTAKIÐ „KONUR FJÁRFESTUM“ Í SJÓÐUM

STAÐA KVENNA Í SJÓÐUM



Ársvöxtur eigna kvenna, 20–69 ára, í sjóðum


18.40%

8.40%

Konur

Karlar

Hlutfall eigna kvenna af fjármunum eftir aldri



2023

Breyting árið 2024




Tekjur & laun

www.arion.is/konurfjarfestum

TEKJUDREIFING KYNJANNA

Tekjudreifing kynjanna er enn ójöfn en það helgast að stórum hluta af efstu tekjuhópunum.

Tekjudreifing kynja eftir tekjutiundum - árstekjur 2023



TEKJUTÍUND

Þegar tekjudreifing kynja er skoðuð eftir tekjutiundum má sjá að tekjur eru frekar jafnar á milli karla og kvenna í neðstu tekjutiundunum, en svo fer bilið að breikka.

NOKKUÐ BREITT BIL



Þegar efstu tekjutiundirnar eru skoðaðar má sjá að bilið er orðið nokkuð breitt. Í níundu tekjutiund er bilið á milli tekna karla og kvenna orðið 28%.

FJÁRMAGNSTEKJUR KARLA HÆRRI

Þegar horft er á efstu tekjutiundina er bilið á milli tekna kvenna og karla orðið 44%. Þennan mismun má að miklu leyti rekja til þess að fjármagnstekjur karla eru mun hærri en kvenna.

KYNBUNDIN LAUNAMUNUR FER MINNKANDI

Óleiðréttur launamunur kynjanna hefur lækkað um fimm prósentustig á fimm árum; hann fór úr 14% árið 2018 niður í 9% árið 2023.



FJÁRMAGNSTEKJUR KVENNA

Fjármagnstekjur kvenna hafa verið að aukast í takt við aukinn áhuga kvenna á fjárfestingum


Árið 2022 var hækkun fjármagnstekna kvenna mjög áberandi en þá hækkuðu þær um 23% frá fyrra ári. Mesta hækkunin var hjá konum á aldrinum 16-19 ára en hjá þeim hækkuðu fjármagnstekjur um 103%.

Árið 2023 hækkuðu fjármagnstekjur kvenna um 22% frá fyrra ári, en þá var hækkunin mest hjá konum 75 ára og eldri, eða um 62%.


Á þremur árum hefur fjöldi kvenna með vörslusafn aukist um 45% og eru konur nú 41% af þeim einstaklingum sem eiga vörslusafn hjá Arion.

Undanfarin 10 ár hafa konur átt í kringum 47% af verðmæti innlána hjá Arion.


Skipting á fjölda vörslusafna milli kvenna og karla



Skipting á verðmæti innlána milli kvenna og karla



Skipting verðbréfaeigna milli kvenna og karla





Lífeyrismál

www.arion.is/konurfjarfestum

IÐGJALD Í LÍFEYRISSJÓÐI

48% einstaklinga sem greiða iðgjald
í lífeyrissjóði á Íslandi eru konur


Heildariðgjöld greidd í lífeyrissjóði á Íslandi árið 2023 voru 254 milljónir króna. Þar af greiddu karlar 57% og konur 43%.

52% þeirra einstaklinga sem fengu greiddan lífeyri árið 2023 voru konur. Þar af fengu karlar greidd 56% af upphæðinni og konur 44%.

Hlutdeild kvenna í heildareignum Lífeyrisauka er um 42% og hefur lítið aukist undanfarin ár. Hlutdeild kvenna á aldrinum 19-30 ára hefur aukist hvað mest, eða um 3% frá árinu 2019.

Lítill munur er á greiðslum kynjanna í Lífeyrisauka. Hins vegar er mikill munur á því hverjir eiga mikið. Ef horft er til þeirra einstaklinga sem eiga 0-15M er hlutfallið mjög svipað á milli kynjanna, en hlutfall kvenna fer lækkandi eftir því sem eignirnar eru meiri. Einungis ein kona tilheyrir hópnum sem á 100-500M.

Hluttur kvenna í heildareignum Lífeyrisauka eftir inneign 2023




EIGNASTÝRING LÍFEYRISSJÓÐA

Eignastýring tíu stærstu lífeyrissjóða landsins

Forstöðumenn í dag



Hlutfall eigna lífeyrissjóða í stýringu eftir kyni í dag



Forstöðumenn fyrir 10 árum síðan



Hlutfall eigna lífeyrissjóða í stýringu eftir kyni fyrir 10 árum síðan



RANNSÓKNIR UM LÍFEYRISMÁL



Í könnun sem Gallup framkvæmdi á árinu 2023 um lífeyrismál kom fram að konur telja sig almennt hafa verri þekkingu á eigin lífeyrismálum en karlar. Samkvæmt niðurstöðum telja 44% kvenna sig hafa litla þekkingu á sínum lífeyrismálum á móti 34% karla.

Rannsóknir sýna greinilegan mun á lífeyrisréttindum eftir kyni. Karlar fá 24% hærri lífeyri að meðaltali en konur. Munurinn er nokkurn veginn sá sami í öllum aldurshópum.

Samkvæmt rannsókn Talnakönnunar er heil kynslóð á milli þegar skoðað er hvenær kynin ná þeim áfanga að marktækur hluti hópsins á nægjanlegan lífeyri til þess að þurfa ekki lengur að reiða sig á greiðslur frá Tryggingastofnun við starfslok.

Fyrsta kynslóð karla til að ná þessum áfanga er fædd 1958

Fyrsta kynslóð kvenna til að ná þeim sama áfanga er fædd 1984



Tryggingar

www.arion.is/konurfjarfestum

VÖRÐUR

”

Ánægjulegt er að sjá að hlutföll kvenna og karla eru nokkuð jöfn þegar kemur að persónutryggingum hjá Verði.

”

Konur eru þó að meðaltali með lægri bótafjárhæð í persónutryggingum en munurinn er samt lítill eða undir 10%.

”

Karlmenn í sambúð eru heilt yfir líklegri til að hafa tryggingar skráðar á sig. Samt sem áður eru konur í sambúð líklegri til að hafa barnatrygginguna skráða á sig.

”

Áhugavert er að bera saman einhleypar konur og einhleypa karla, en einhleypar konur eru líklegri til að kaupa betri tryggingar fyrir heimilið en einhleypir karlar.



Könnun SSF



www.arion.is/konurfjarfestum

KÖNNUN SAMTAKA FJÁRMÁLAFYRIRTÆKJA


Könnun Samtaka fjármálafyrirtækja (SFF) um fjármálalæsi Íslendinga

Í lok árs 2023 framkvæmdu Samtök fjármálafyrirtækja í samstarfi við Gallup könnun um fjármálalæsi Íslendinga. Hlutfall þátttakenda var nokkurn veginn jafnt á milli karla og kvenna. Þátttakendur voru beðnir um að svara fimm spurningum um fjármálahugtök.

Niðurstöður könnunarinnar sýndu að talsverður munur var á milli kynjanna þegar kom að þekkingu þeirra á fjármálahugtökum.


Heildarfjármálaskor eftir kyni og aldri

40 ára eða eldri




■ Hótt (4 eða 5 rétt svör)
■ Meðaltal (2 eða 3 rétt svör)
■ Lágt (0 eða 1 rétt svar)

39 ára eða yngri



■ Hótt (4 eða 5 rétt svör)
■ Meðaltal (2 eða 3 rétt svör)
■ Lágt (0 eða 1 rétt svar)

Heildarfjármálaskor eftir kyni



■ Hótt (4 eða 5 rétt svör)
■ Meðaltal (2 eða 3 rétt svör)
■ Lágt (0 eða 1 rétt svar)


Heimild: Samtök
fjármálafyrirtækja

SPARNAÐUR

Könnun Samtaka fjármálafyrirtækja (SFF) um fjármálalæsi Íslendinga

Samkvæmt könnun SFF er hlutfall þeirra sem leggja fyrir mánaðarlega sambærilegt á milli karla og kvenna. Athygli vekur að konur leggja frekar fyrir á sparnaðarreikningi. Konur eru ólíklegri en karlar til að leggja fyrir sparnað í verðbréfasjóðum eða með kaupum á hlutabréfum.

Þeir sem teljast vera með hátt fjármálaskor í könnun SFF eru líklegri til að leggja reglulega fyrir sparnað í verðbréfasjóðum eða með kaupum á hlutabréfum en þeir einstaklingar sem eru með lágt fjármálaskor.





Fyrirtæki

—

www.arion.is/konurfjarfestum


KYNJAHLUTFÖLL STOFNENDA FYRIRTÆKJA

Á árunum 2010-2024 voru um 31.300 fyrirtæki stofnuð af einstaklingum (að eignarhaldsfélögum undanskildum). Tæplega 59% fyrirtækjanna voru eingöngu stofnuð af körlum en 18% þeirra voru eingöngu stofnuð af konum. 23% fyrirtækjanna voru stofnuð af bæði körlum og konum.

Karlar eru 69% af öllum stofnendum fyrirtækjanna, eða um 38.200 af 55.600 stofnendum á tímabilinu.

Hlutfall kvenna hefur verið 30-33% frá árinu 2010.

Hæsta hlutfall fyrirtækja með a.m.k. einn kvenkyns stofnanda er hjá smásölu- og þjónustufyrirtækjum, eða um 55%. Hlutfallið er undir 50% í öðrum greinum – lægst í byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð, eða um 21%.



GJALDÞROT NÝSTOFNAÐRA FYRIRTÆKJA


Af 31.300 nýstofnuðum fyrirtækjum á tímabilinu 2010-2024 hafa 4.050 þeirra orðið gjaldþrota.

Kynjasamsetning stofnenda virðist skipta máli hvað gjaldþrot varðar. Hlutfall fyrirtækja sem hafa orðið gjaldþrota eftir kynjasamsetningu stofnendahópsins er eftirfarandi:

15% fyrirtækja eingöngu stofnuð af körlum
8,5% fyrirtækja eingöngu stofnuð af konum
8,5% fyrirtækja þar sem stofnendur eru bæði konur og karlar


Fyrirtæki stofnuð af einni konu eru ólíklegri til að verða gjaldþrota en fyrirtæki stofnuð af einum karli:

13,7% á móti 16,4%




24% FRAMKVÆMDASTJÓRA ERU KONUR

24% FRAMKVÆMDASTJÓRA Á ÍSLANDI ERU KONUR



24%



76%

JÁKVÆÐ ÞRÓUN

Nokkuð jákvæð þróun hefur orðið á hlutfalli kvenna sem gegna stöðu framkvæmdastjóra í íslensku atvinnulífi. Árið 2010 voru konur 20% framkvæmdastjóra fyrirtækja á Íslandi samkvæmt hlutafélagaskrá en í dag er hlutfall kvenna 24%. Breytingarnar eru þó hægfara, en hlutfall kvenna hefur aðeins aukist um 4 prósentustig síðan 2010.

ALDUR FRAMVÆMDASTJÓRA

Karlar eru að jafnaði aðeins eldri en konur þegar þeir verða framkvæmdastjórar. Karlar eru að meðaltali 44,6 ára þegar þeir taka við starfi framkvæmdastjóra en konur eru að meðaltali 43,4 ára.

Kvenkyns framkvæmdastjórar eru að meðaltali eldri í fleiri greinum þrátt fyrir að meðalaldur karla sé hærri ef horft er til allra fyrirtækja óháð atvinnugreinum.

Meðalaldur er almennt hæstur í sjávarútvegi (48,3 ár) og lægstur í sérfræðivinnu (41,4 ár).

FORSTJÓRAR SKRÁÐRA FÉLAGA Í KAUPHÖLL

Af forstjórum skráðra félaga í Kauphöll Íslands eru fjórar konur



4 KONUR FORSTJÓRAR

Fjórar konur eru forstjórar skráðra félaga í Kauphöll Íslands. Frá árinu 2016 til 2021 stýrði engin kona skráðu félagi á Íslandi. Í dag eru fjórar konur sem stýra skráðum fyrirtækjum á markaði hér á landi, á móti 29 körlum.


FRAMKVÆMDASTJÓRAR

Hlutfall starfandi karla og kvenna eru í dag um það bil jöfn (47% konur og 53% karlar). Hjá daglegum stjórnendum í atvinnulífinu eru hlutföllin þó mun ójafnari.


Hæsta hlutfall kvenna í framkvæmdastjórastöðum er í atvinnugreinum þar sem konur eru stór hluti vinnuaflsins. Einkenni þessara atvinnugreina eru að þær þurfa mikinn mannafla.

Innan fjármagnsfrekari atvinnugreina gegna karlar langflestum framkvæmdastjórahlutverkum.

Atvinnugreinar með hæsta hlutfall kvenna í stöðu framkvæmdastjóra



Atvinnugreinar með lægsta hlutfall kvenna í stöðu framkvæmdastjóra




STJÓRNARFORMENN


Stjórnarformenn voru alls 17.691 talsins árið 2023. Þar af er einn af hverjum fjórum stjórnarformönnum kona. Þetta hlutfall hefur haldist nokkuð stöðugt síðastliðin tíu ár.

Hlutfall kvenkyns stjórnarformanna hefur verið nokkurn veginn það sama og kvenkyns framkvæmdastjóra. Hlutfallið hækkaði aðeins um tvö prósentustig á tímabilinu 2010 til 2023.

Atvinnugreinar með hæsta hlutfall kvenna í stjórnarformannsstöðum



Atvinnugreinar með lægsta hlutfall kvenna í stjórnarformannsstöðum



27% STJÓRNARFORMANNA ERU KONUR

27% stjórnarmanna í fyrirtækjum eru konur

LÖG UM KYNJAKVÓTA

Árið 2010 voru sett lög um kynjakvóta í stjórnum fyrirtækja með fleiri en 50 starfsmenn. Lögin segja að í stjórnum með þremur stjórnarmönnum skuli bæði kyn eiga fulltrúa og í stjórnum með fleiri en þrjá stjórnarmenn megi hlutfall hvors kyns ekki vera lægra en 40%.


KONUR 35% AF STJÓRNARMÖNNUM

Síðan þessi lög voru sett hefur hlutfall kvenna í stjórnum þeirra fyrirtækja sem lögin ná utan um hækkað um 15% og eru núna 35% af stjórnarmönnum í þessum fyrirtækjum konur. Ástæðan fyrir því að hlutfallið er ekki 40% eins og lögin segja til um er sú að margar stjórnir eru með einn eða þrjá meðlimi í stjórn.

FJÖLGUN KVENNA Í STJÓRNUM

Áhugavert er að sjá að samhliða fjölgun kvenna í stjórnum hefur konum í framkvæmdastjórástöðum einnig fjölgað yfir þetta tímabil úr 10% í 15%.

Þróun hlutfalls kvenna





Konur fjárfestum

www.arion.is/konurfjarfestum

”

Mikil þróun hefur orðið frá því að við hófum átakið fyrir ári síðan og viðtökurnar farið fram úr okkar björtustu vonum. Á árinu 2024 höldum við 45 viðburði um land allt – í Reykjavík, Mosfellsbæ, Borgarnesi, Vestmannaeyjum og Hafnarfirði og á Ísafirði, Akureyri, Egilsstöðum og Selfossi. Samtals sóttu um 4.000 konur þessa viðburði.

Í upphafi árs lögðum við áherslu á grunnatriði fjárfestinga en þegar leið á árið bættum við fleiri viðburðum við, til dæmis fyrirlestrum um hvernig stofna á fyrirtæki og framhaldsfræðslu um fjárfestingar þar sem kastljósinu var meðal annars beint á lífeyrissjóði.

LANDSVÆÐI OG EFNISTÖK

Konur fjárfestum

Fjármál og fjárfestingar - grunnur

Fjármál og fjárfestingar - framhald


Hlutabréf, skuldabréf og hagkerfið

Hvernig stofna ég fyrirtæki

Skattframtalið

Lífeyrissjóðir

Tryggingar



„Ég held að við höfum aldrei áður haldið viðburðaröð sem hefur verið svona vel sótt.

Niðurstöðurnar eru líka þegar farnar að sjást í tölfræði hjá okkur – við sjáum hlutfallslega meiri aukningu á nýtingu margvíslegrar fjárfestingarþjónustu hjá konum en körlum. Svo nálin er farin að hreyfast.“

- Benedikt Gíslason, bankastjóri Arion banka



MARGT SMÁTT GERIR EITT STÓRT

Eins og fram hefur komið hafa orðið sjáanlegar framfarir hjá konum í fjárfestingum eftir að átakið hófst.

- Fjöldi viðskipta í sjóðum hjá konum hefur aukist um 11% á móti 6% hjá körlum.
- Fjöldi einstakra kennitalna kvenna sem hafa átt viðskipti með sjóði hefur aukist um 19% á móti 11% hjá körlum.
- Fjöldi einstakra kennitalna kvenna með áskrift í sjóðum hefur aukist um 19% á móti 7% hjá körlum.
- Heildareignir kvenna á vörslusöfnum hafa aukist um 8,5% á móti 2,9% aukningu hjá körlum.
- Heildarfjöldi kvenna sem eiga vörslusafn hefur aukist um 0,5% og er nú 41%.

Enn má þó gera betur. Til að mynda er hlutdeild kvenna í skráðum bréfum í Kauphöll Íslands enn óbreytt, eða 30% á móti 70% hlutdeild karla.

— VIÐ ERUM RÉTT AÐ BYRJA

Við þökkum fyrir frábærar viðtökur á fyrsta ári átaksins og hlökkum til að halda áfram að hitta ykkur, deila reynslu okkar og þekkingu og stuðla þannig að því að jafna þátttöku kynjanna á fjármálamarkaði.



Konur fjárfestum
Vertu með!

Fyrirvari vegna „Konur fjárfestum“

- Greiningar, þ. á m. um tekjuþróun kvenna, kynbundin launamun og þróun á fjárfestingum kvenna, á vegum „Konur fjárfestum“ eru útbúna af Arion banka hf. (hér eftir „bankinn“) eingöngu til almennra upplýsinga. Greiningarnar fela hvorki í sér fjárfestingargreiningu né fjárfestingarráðgjöf í skilningi laga nr. 115/2021 um markaði fyrir fjármálagerninga og tengdra reglugerða og tekur ekki tillit til flokkunar, persónulegra fjárfestingamarkmiða eða aðstæðna móttakanda hennar, þ. á m. hvort tiltekin ráðstöfun hæfi honum og er ekki ætlað að mæla með eða leggja til nokkurs konar fjárfestingaráætlun eða ákvarðanatöku af hálfu móttakanda. Greiningar og annað efni eru settar fram óháð hugsanlegum samningum móttakanda og bankans.
- Ekkert í greiningum „Konur fjárfestum“ skal túlkað á þann veg að bankinn hafi tekið að sér að veita móttakendum þeirra fjárfestingaráðgjöf, persónulega ráðleggingu eða annars konar ráðgjöf en til slíkrar ráðgjafar verður aðeins efnt á grundvelli skriflegs samnings milli aðila. Aukinheldur skal móttakandi eða þriðji aðili ekki veita fjárfestingarráðgjöf sem byggir á greiningum bankans.
- Þær skoðanir sem fram koma í greiningum „Konur fjárfestum“ endurspeгла aðeins núverandi skoðanir höfunda þeirra og geta tekið breytingum án fyrirvara. Upplýsingar sem fram koma í greiningum fela ekki í sér loforð eða spá um framtíðina. Bankanum ber ekki skylda til að veita móttakanda aðgang að frekari upplýsingum en þeim sem fram koma í greiningunum eða til að uppfæra þær upplýsingar sem þar koma fram. Bankanum ber ekki skylda til að leiðrétta upplýsingar, reynist þær rangar.
- Bankinn skal ekki bera skaðabótaábyrgð á tjóni sem rekja má til þess að upplýsingar sem fram koma í greiningum „Konur fjárfestum“ reynast ónákvæmar, óáreiðanlegar eða ófullnægjandi.
- Bankinn á höfundarréttinn á öllu því efni sem hann útbýr fyrir „Konur fjárfestum“, nema annað sé sérstaklega tekið fram eða leiða megir af eðli máls. Skriflegt samþykki bankans þarf til að endurbirta, dreifa eða afrita efni sem útbúið er fyrir vettvanginn.
- Ábyrgðarfyrirvari þessi er gerður á íslensku og þýddur yfir á ensku. Sé einhvers misræmis að gæta á fyrirvörunum, skal íslenski textinn gilda.
- Með móttöku greininga „Konur fjárfestum“ fellst móttakandi á framangreindan ábyrgðarfyrirvara.

